

ERINDISBRÉF

Starfshópur um skipulagsvinnu og samninga vegna lífsgæðakjarna

Ábyrgðaraðili:

Borgarstjóri

Inngangur:

Þann 24. apríl 2023 samþykkti borgarráð að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að auglýsa eftir samstarfsaðilum og hugmyndum vegna þróunar lífsgæðakjarna fyrir eldri borgara í Reykjavík.

Með lífsgæðakjarna er átt við húsnæðisuppbyggingu fyrir aldraða sem er með fjölbreytt framboð af þjónustu í nærumhverfinu. Niðurstöður auglýsingarinnar verða nýttar við að móta umgjörð um auglýsingu á lóðum borgarinnar undir slík verkefni.

Eftirfarandi svæði á hendi einkaaðila verði í forgangi, sbr. samþykkt borgarráðs frá 28. september:

- Reitir – vegna Loftleiðareits,
- Köllunarklettur – vegna Köllunarkletts,
- Þorpið – vegna Ártúnshöfða 2,
- Klasi hf. – vegna Ártúnshöfða 1, norður Mjódd og Álfheima

Jafnframt hefur borgarráð samþykkt að fela skrifstofu borgarstjóra og borgarritara að undirbúa auglýsingar á eftirfarandi reitum í eigu borgarinnar og kalla eftir samstarfsaðilum:

- Leirtjörn við Úlfarsárdal, þar sem fyrir liggja viljayfirlýsingar við Samtök aldraðra og Leigufélag aldraðra
- Fossvogsspítali
- Rangársel
- Suðurhólar
- Ártúnsholt
- Landsímareitur í Grafarvogi

Hlutverk:

Hópurinn hefur það hlutverk að hafa yfirsýn yfir skipulagsvinnu og samninga vegna lífsgæðakjarna á vegum Reykjavíkurborgar. Samráð verði haft við viðræðuhóp borgarinnar um hjúkrunarheimili og heilbrigðisráðuneytið varðandi hugsanlega staðsetningu hjúkrunarheimila á viðkomandi reitum.

Helstu verkefni:

Leggja fram skipulagssýn byggð á greiningu á nærliggjandi hverfum í aðdraganda samninga um viðkomandi svæði. Í því felst meðal annars að setja fram sýn um stærð og umfang, fjölda íbúða, félagslega blöndun og hugsanlega blöndun ólíkra aldurshópa og uppbyggingaraðila, þmt óhagnaðardrífing byggingarfélag.

Tímasetja væntanlega uppbyggingu með hliðsjón af skipulagi og uppbyggingu nauðsynlegra innviða, svo sem Borgarlínu.

Móta sýn og frekari samningsmarkmið um einstaka reiti á grundvelli ofangreindrar greiningar.

Kalla eftir áhugasömu eldra fólki í viðkomandi hverfum í samvinnu við framtíðar samstarfsaðila um uppbygginguna.

Starfshópin skipa:

Björn Axelsson, umhverfis- og skipulagssviði, formaður

Valný Aðalsteinsdóttir, umhverfis- og skipulagssviði

Ívar Örn Ívarsson, lögfræðiteymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Hilmar H. Magnússon, borgarþróunarteymi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara

Starfsmaður starfshópsins:

Kemur frá umhverfis- og skipulagssviði


Til ráðgjafar og samstarfs:

Umhverfis- og skipulagsráð er til ráðgjafar og samstarfs. Einnig leitar starfshópurinn ráðgjafar innan sem utan borgarkerfis hjá aðilum með sérþekkingu á viðfangsefninu eftir því sem við á.

Starfstími:

Starfshópurinn starfar þar til ofangreindir reitir hafa verið þróaðir og undirbúnir til skipulags og úthlutunar.

Reykjavík, 30. apríl 2024



Einar Þorsteinsson